

Stofnanasamningur

Vinnueftirlits ríkisins annars vegar og Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga (KVH) hins vegar, gera með sér eftirfarandi stofnanasamning, skv. ákvæðum kjarasamnings fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og aðildarfélaga BHM

1. Gildissvið

Samningur þessi nær til þeirra félagsmanna í Kjarafélagi viðskiptafræðinga og hagfræðinga sem ráðnir eru hjá Vinnueftirliti ríkisins.

2. Markmið

- Launakerfið geri ráð fyrir sveigjanleika í vinnutíma og taki tillit til fjölskyldusjónarmiða. Stofnunin sé þroskandi vinnustaður með hæfu og ánægðu starfsfólki.
- að skapa samræmt launakerfi innan stofnunarinnar og eðlilegt launastig miðað við aðrar sambærilegar stofnanir.
- að launakerfið verði gagnsætt og að ákvarðanir í launamálum verði teknar með málefnalegum hætti.
- að gera launakerfið hvetjandi til aukinna afkasta og góðrar frammistöðu starfsmanna og bætts árangurs stofnunarinnar.
- að launakerfið stuðli að uppfyllingu gagnkvæmra væntinga starfsmanna og stofnunar.

3. Skilgreining starfa og röðun þeirra í launaflokka

Samningur þessi nær til eftirtalinna starfsheita sem eru skilgreind og grunnraðað til launa með eftirfarandi hætti. Skilgreining felur í sér viðvarandi verk- og ábyrgðarsvið. Grunnröðun í launaflokka miðast við Bsc. gráðu.

Skrifstofustjóri / fjármálastjóri

fl. 14-16

Starf skrifstofustjóra felst fyrst og fremst í stjórnun og ábyrgð á fjármálastjórnun svo sem áætlanagerð, bókhaldi, sameiginlegum mannauðsmálum og rekstri stofnunarinnar í heild gagnvart forstjóra. Skrifstofustjóri sér um að samræma þessa þætti við stefnu stofnunarinnar og annast samskipti við stofnanir og ráðuneyti varðandi áður nefnda málaflokka.

4. Persónubundnir þættir

Meta skal persónu- og tímabundna þætti til launaþrepa og/eða launaflokka í launatöflu. Hafi starfsmaður náð átta þrepum skal hann flytjast upp um launaflokk í töflunni, þannig að tryggt sé að áframhaldandi launaþróun geti átt sér stað í samræmi við ákvæði þessa samnings.

4.1 Starfsreynsla

Eftir 4 ára starf hækkar starfsmaður um eitt álagsþrep.

Forstjóra er heimilt að flýta hækkunum vegna fjögurra ára starfsreynslu þegar sýnt er að viðkomandi starfsmaður hefur hlotið þjálfun og starfsreynslu sem metin er jafngild.

4.2. Menntun.

Ef starfsmaður aflar sér aukinnar menntunar umfram kröfur til starfs eða hefur þegar aflað sér hennar, skal taka mið af eftirfarandi:

M.A., M.Sc. próf eða sambærilegt
Doktorspróf

1 launaflokkur
2 launaflokkar

Grunnröðun miðast við 180 ECTS en fyrir hverjar 60 ECTS einingar til viðbótar við B.Sc. próf á háskólastigi hækkar starfsmaður að auki um 1 launaþrep.

4.3 Endurmenntun og starfsþróun

Vinnueftirlitið skal hafa á að skipa hæfu starfsfólki og stjórnendur skulu sjá til þess að starfsfólk geti viðhaldið og aukið við þekkingu á sínu fagsviði.

Starfsmenn skulu hafa tækifæri til starfsþróunar innan stofnunarinnar. Í árlegu starfsmannasamtali skal farið yfir starfslýsingu á viðvarandi verkswiði og möguleika til starfsþróunar.

4.4 Viðbótarhækkanir vegna álags, ábyrgðar, hæfni og frammistöðu

Sérstök færni og árangur starfsmanns getur gefið honum launaþrep, eitt eða fleiri, fyrir hvern eftirtalinn þátta og skal launaákvörðun byggjast á mati á frammistöðu:

- a) Hæfniskröfur umfram það sem almennt gerist, sérstök ábyrgð eða álag.
- b) Frammistaða við úrlausn verkefna, þ.e. hæfni til að skipuleggja, framkvæma og fylgja eftir verkefnum, allt innan eðlilegra tímamarka og með eðlilegum afköstum.
- c) Sjálfstæð vinnubrögð, þ.e. hæfni til að vinna sjálfstætt að verkefnum en þó í nauðsynlegu samráði við aðra.
- d) Frumkvæði í starfi og auðsýndur áhugi á málefnum þeim sem stofnunin starfar að.
- e) Þekkingaröflun og miðlun þekkingar, innan stofnunar sem utan.
- f) Hæfni til mannlegra samskipta og tjáningar.
- g) Hæfni til þátttöku í stefnumótun og áætlanagerð og til ábyrgðar í rekstrarlegum málefnum.

Sé starfi breytt eða starfsmanni falin ný verkefni tímabundið sem gera auknar kröfur þannig að flokkun starfsins sé ekki í samræmi við forsendur í 4.gr. skal röðun starfs tekin til endurskoðunar í samræmi við ákvæði samkomulags þessa.

Ákvörðun sem tekin er um hvaða þættir hafa áhrif á laun og með hvaða hætti skal hafa ígildi vísireglu gagnvart öðrum starfsmönnum.

Á fundum samstarfsnefndar aðila skal kynnt hvernig ákvæði þessu verður beitt.

Tímabundnir þættir og umbun samkvæmt þessari grein geta verið breytilegir frá einum tíma til annars. Forsendur þeirra skulu endurskoðaðar við breytingar á starfssviði starfsmanns

5. Sérstök umbun

Heimilt er að semja um umbun við starfsmann sem tekur að sér sérstakt verkefni sem felur í sér tímabundið álag. Samningar sem þessir taka til tímabundinna verkefna t.d. stjórnunarálags umfram stjórnunarskyldur starfs viðkomandi eða stjórn viðamikilla verkefna í þágu stofnunarinnar. Skal liggja fyrir skriflega í hverju verkefnið er fólgið og áætluð tímalengd þess. Umbunin getur að hámarki verið 30 þús. kr. á mánuði. Umbun þessi eða launaviðbót sem byggir á tímabundnum verkefnasamningi fellur niður við lok verkefnanna sem um ræðir.

6. Samstarfsnefnd

Samstarfsnefnd skal komið á fót við undirritun samnings þessa og hefur hún það verkefni að leita lausna ágreiningsmála sem upp kunna að koma í tengslum við framkvæmd stofnanasamnings þessa.

7. Gildistími og endurskoðun

Samningur þessi gildir frá og með 1. desember 2014.

Samkomulag þetta skal endurskoða með reglubundnum hætti. Þar skal metið hvort forsendur hafi breyst. Að jafnaði skal samningurinn endurskoðaður eigi sjaldnar en annað hvert ár og hvenær sem annar aðili hans fer fram á slíka endurskoðun.

Reykjavík 23.febrúar 2015

f.h. Vinnueftirlits ríkisins



f.h. KVH



Bókun 1

Ef starfsmaður hefur í láréttum hækkunum náð 8 þrepum færist grunnröðun hans upp um einn flokk og í næstu launatölu.

Bókun 2

Með endurnýjun stofnanasamnings þessa hafa eftirfarandi viðaukasamningar verið felldir inn í samningstextann:

Viðbótarsamningur dags. 9. sept. 2008
Viðaukasamningur dags. 13. maí 2011
Viðaukasamningur 2 dags. 27. janúar 2012

Hækkanir sem komu til vegna viðaukasamninga halda sér því við endurnýjunina.

Bókun 3.

Frá og með 1. desember 2014 hækka allir þeir sem samningur þessi tekur til um eitt launaþrep.

